



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af afhendingu
Íslensku bókmenntaverðlaunanna**

30. janúar 2018

Ágætu unnendur bóka,
rithöfundar, útgefendur
og aðrir góðir gestir,
áhorfendur nær og fjær

Verið öll velkomin til þessa fagnaðar, hér verða Íslensku bókmenntaverðlaunin veitt. Þetta er gleðistund og uppskeruhátíð. Víst getum við átt erfitt með að staðfesta gildi bókmennta fyrir samfélagið, sanna það með beinhörðum tölum eða útreikningum. En það er nú samt raunin að margt getur verið mikilvægt þótt það sé ekki mælanlegt. Þannig er engum vafa undirorpið að þegar til kastanna kemur finnast Íslendingum bókmenntir skipta miklu máli í samfélagi okkar. Það sýndi könnun sem Rithöfundasamband Íslands stóð fyrir á nýliðnu ári; yfir níu af hverjum tíu sem tóku þátt voru þeirrar skoðunar. Einnig má benda á þau sannindi að fjöldi ferðamanna kemur til Íslands í og með eða gagngert vegna sagnaarfs okkar og bókmenningar. Vilji fólk sjá hagnað af menningu á excelskjali er það hægur leikur.

Kæru gestir, góðir áhorfendur: Við erum á bókmenntavöku hér á Bessastöðum í kvöld, komin saman til að fagna útgáfu góðra bóka og verðlauna höfunda sem eru sannarlega vel að þeim heiðri komnir. Við gleðjumst yfir glæsilegum barnabókum, blómstrandi fagurbókmenntum og fjölbreyttum

fræðiritum eða bókum almenns efnis. Og við skulum ekki láta það spilla gleðinni þótt ég nefni hér nokkur varnaðarorð.

„Það var mikill hiti í fólki á málþinginu.“ Þannig hófst frásögn af mannfundi fyrir um ári, ekki um stjórnsmál og ekki um umhverfisvernd, ekki um verkalyðsmál og ekki um jafnrétti. Nei, hér töluðu bókasafnsfræðingar og barnabókahöfundar – ekki beint holdgervingar ákafa og æsings. Þeim var mikið niðri fyrir, þeir sögðu meðal annars brýnt að verja auknu fé til þýðinga á barnabókmenntum og fjölga bókum fyrir yngri lesendur á söfnum landsins.

Fyrir liggur að of margir grunnskólanemar, einkum drengir, hætta of snemma að lesa sér til gagns og gamans, til skaða fyrir þá sjálfa og samfélagið allt. Seint á síðasta ári sagði náms- og starfsráðgjafi í Fjölsmiðjunni, því ágæta úrræði fyrir ungmenni sem hafa flosnað upp úr skólakerfinu, að þau komi þangað nánast ólæs. „Hvernig er þetta hægt?“ spurði ráðgjafinn, „þau hafa verið í tíu ár í grunnskóla.“ Um svipað leyti lýsti sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni því að sífellt fleiri krakkar þjást af svonefndum símaaðskilnaðarkvíða, og hjá Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans leitar ungvíðið meðferðar við netfíkn og rafrænu skjáheilkenni.

Við þurfum að gera betur og það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Verum betri fyrirmyndir, til dæmis þannig að foreldrar og forráðamenn grípi í barnabók frekar en símann eftir kvöldmat, að fjölskyldan lesi spennusögu saman í stað þess að hver horfi á eitthvað í sínu horni. Auðvitað geta börn og unglíngar plumað sig prýðilega þótt þau leiki sér í tölvu og stytta sér stundir með síma í hönd. Allt er gott í hófi og almenningur getur vissulega verið önnum kafinn, hvíldinni feginn að kvöldi dags. Og auðvitað leysir bókalestur ekki allan vanda. Eitt sinn þusaði fólk hér út og suður að bókviðið yrði ekki í askana látið.

En það var líka kvartað undan þeim sem hefðu asklok fyrir himin. Bækur opna augu og heima, þær geta geymt svo margt – ljóð og eldmóð, vonir og þrár, leiðir til að láta drauma rætast, nýja sýn á heiminn. Seint á nýliðnu ári lést í hárríelli Ólafía Einarsdóttir, hún lauk doktorsprófi í fornleifafraeði fyrst Íslendinga. Margt gott lagði Ólafía til fræðanna og við megum þakka henni fyrir að halda í heiðri þá meginforsendu allra vísinda að gaumgæfa og efast frekar en að festast í viðjum vanans og trúá í blindni. Með hyggjuviti sínu og þekkingarþorsta leiddi hún að því gild rök að kristni var lögtekin hér árið 999 en ekki árið 1000 eins og lengi hafði verið haft fyrir satt.

Svona getur fræðafólk breytt gangi sögunnar. Og skáldin, þau geta svo sannarlega breytt lífi okkar, hvatt okkur til dáða:

Verum ósvífnir, ófeimnir, sjálfráðir og fullveðja í sókn til verðmæta! Blygðumst okkar ekki fyrir ævintýrið! Þessa bláu hugsmíð, sem er ekki bara í huganum, heldur einnig í leiknum og starfinu, öllu sem heiminn byggir og gerir hann byggilegan; andóf gegn eilífðarsannleik, önugu köldu valdi og gerilsneyðingu á glettnum hugsunum.

Þetta skrifaði Þorsteinn frá Hamri. Hann lést í upphafi vikunnar, eitt ástsælasta skáld sinnar tíðar; hann er eflaust í huga margra hér og víðar.

Góðir áheyrendur! Ég býð ykkur aftur velkomin á þessa hátíð íslenskra bókmennta. Nú munu Kirstín Erna Blöndal og Örn Arnarson flytja lagið Mater. Það er eftir Kirstínu Ernu en ljóðið er eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Síðan mun Egill Örn Jóhannsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, taka til máls.